

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 5. maí 2015 á Kjóavöllum.

## 5. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Kristín Njálsdóttir, Lárus Finnbogason, Ólafur Blöndal og Magnús Benediktsson framkv.stj. Ragna Emilsdóttir, Hermann Vilmundarson og Sigurður Tyrfingsson boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Dagskrá næstu vikna, skipulag og skipting verka. Afmælishátíð Kópavogsbæjar; dagskrá í Kórnum nk. sunnudag 10. maí og æskulýðsnefnd Sprettis verður með dagskrá í reiðhöllinni en þar verður sýning og teymt undir börnum í tilefni dagsins. Þá er kynbótasýningin hér í Spretti 26.-29. maí - farið yfir skipulag vegna þessa o.fl.
3. Lárus gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins – greiðsluseðlar vegna félagsgjalda voru sendir út í vikunni en það eru gjöld fram til næsta aðalfundar sem verður í haust.
4. Samningur við Garðabæ vegna fjárstuðnings kynntur. Samþykkt að ganga frá samningnum eins og hann er kynntur. Samningur gagnvart Kópavogsbæ um sama efni er óbreyttur frá síðasta ári.
5. Skipulagsmál í kringum reiðhöll Sprettis. Málið rætt og verður tekið upp á ný á næsta fundi.
6. Vefstjóri í afleysingu. Formanni falið að finna nýjan sjálfboðaliða meðal félagsmanna til að sinna vefstjórn þar sem Jónína fer bráðlega í barnsburðarleyfi.
7. Mál gagnvart arkitekt reiðhallar. Málið rætt og Linda upplýsti um stöðuna.
8. Vellir og skúrar. Farið yfir stöðu mála – framkv.stjóri skipuleggur vinnu varðandi afmörkun keppnisvalla með vallarnefnd. Einnig farið yfir málin vegna trygginga skúranna sem skemmdust en það er til afgreiðslu hjá VÍS.
9. Starfsmenn frá Kópavogsbæ – tekið fyrir á síðasta fundi líka – málið rætt.
10. Íslandsmótsnefnd. Rætt um skipulag og undirbúning fyrir Íslandsmót
11. Önnur mál:
  - Tekið fyrir erindi frá Halldóri formanni reiðveganefnar varðandi kynningu á vefprestum o.fl. Hugmynd að dagsetningu fyrir kynningu rædd. Ráðgert að kynning verði í veislusal félagsins.
  - Erindi frá Slysavarnarfélagi Kópavogs tekið fyrir. Formanni og framkv.stj. falið að svara því.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:20

Fundargerð ritaði Kristín Njálsdóttir